



Fréttabréf Árskógarsskóla

4. tölublað, 1. árgangur, 1. desember 2012 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

Leikur-Nám-Lífsgleði-Þrautseigja-Umhyggja-Virðing-Útiskóli-Hreyfing-Hollusta-Samvinna

Sími

460-4970



Kötlukot 460-4973

Rýmingaráætlun

Á heimasíðu má m.a. Finna rýmingaráætlun skólans. 6. desember er ætlunin að æfa rýmingu með slökkviliðsstjóra.

Heimasíða skólans



<http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Kæru foreldrar!

Takk kærlega fyrir undirbúning og framkvæmd jólafondurs. Þetta var frábær dagur, meiriháttar veitingar og ánægjuleg samvera. Frágangur var til sóma enda stóðu allir saman.

Takk takk.

Kveðja frá starfsfólki



Kæra skólasamfélag

Lyginni líkast en líklegast rétt.... það er kominn desember. Ýmislegt hefur verið brallað undanfarið. Piparkökubakstur og málun, jólakortagerð, skógarferð og margt fleira. Snjórinn hefur bæði gert gott og slæmt, eldri börnin renna sér og leika í snjónum en öryggi þeirra yngstu er ógnað að vissu leyti þar sem girðingar eru á kafi en það er víða þannig. Starfsfólk er við þessar aðstæður enn betur meðvitað um hættur og þá sérstaklega bílaumferð sem er nokkur í Árskógi. Árið 2013 hefur bæjarstjórn ráðstafað 5 milljónum í lóðina okkar svo það verður forgangsverkefni að tryggja örugga afgirta lóð og byggja svo upp opið svæði austur af skólanum með áherslu á fjölbreyttar aðstæður fyrir leik og útinám. Fulltrúi frá heilbrigðiseftirlitinu kom og tók út nýja hlutann og var útkoman mjög góð; snyrtilegt og öruggt húsnæði með áherslu á þarfir barna og starfsfólks. Við erum búin að máta okkur við húsnæðið, hrista saman skólastigin og byrjuð á fullu að skrifa þær fjölbreyttu leiðir sem við ætlum að fara og erum að vinna með til þess að ná markmiðum skólastarfsins.

Með ósk um bjarta framtíð og gott ár 2013. Takk kærlega fyrir góð kynni og móttökur í Árskógi. Það er gaman og uppbyggjandi að vinna í Árskógarsskóla.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

Við mótun skólans eru m.a. þessar hugmyndir hafðar að leiðarljósi

Umhverfispættir: Eitt af því sem hefur mest áhrif á börn þegar þau einbeita sér að því að læra eitthvað nýtt og erfitt er umhverfið sem þau eru í. Lýsing og hljóð, ásamt innréttingum og hitastigi hefur áhrif. Sumir læra best með formlegri skólastofuuppþöðun en aðrir í óformlegu umhverfi. Hitastig í herbergi skiptir verulegu máli þegar börn þurfa að einbeita sér.

Ljós - Sumum börnum fellur best að sitja við glugga, önnur vilja hafa sterkt vinnuljós, enn öðrum líður betur með litla lýsingu. Tilraunir hafa sýnt að lýsing hefur líffræðileg áhrif á fólk. Þetta er sérlega áhugavert þar sem sterk lýsing er í íslenskum skólastofum og litlir möguleikar á breytingum.

Hljóð – Sum börn þurfa frið og ró til þess að geta einbeitt sér, öðrum gengur betur að einbeita sér með bakgrunnstónlist og jafnvel að hafa tónlist í eyrunum. Sumum finnst þægilegt að heyra talað mál þegar þeir eru að vinna. Niðurstöður yfirgripsmikilla rannsókna hjá Center for Neurobiology of Learning and Memory, California hefur sýnt fram á að mörg börn læra betur við mismunandi tónlist án texta.

Hitastig – Börn upplifa hitastig á mjög mismunandi hátt, þegar einum er heitt getur öðrum verið kalt. Heilarannsóknur ber saman um að fólk á erfiðara með að hugsa skýrt ef því er of kalt eða of heitt. Áriðandi er því að leyfa börnum að ráða sjálf hitastigi þegar þau eru að einbeita sér að nýjum verkefnum. Erfitt er að koma til móts við þetta þegar allir sitja í sömu kennslstofu, þess vegna er hægt að bregðast við því með að leyfa þeim að ráða því hvernig þau eru klædd.

Húsbúnaður – Sumum börnum gengur best að læra sitjandi á stól við borð á meðan önnur börn einbeita sér best þegar þau liggja eða sitja í sófa. Þessi sveigjanleiki getur skipt sköpum upp á það hversu áhrifaríkt námið er. Það þarf ekki að kosta svo miklu til í skólastofunni til að koma til móts við þessar þarfir.

Heimild Dunn og Dunn

Skólareglur Árskógar skóla eru í vinnslu....

- Við sýnum öllum manneskjum, dýrum og umhverfinu virðingu og tillitssemi
- Við erum kurteis, hjálpsöm og vinnum saman
- Förum eftir fyrirmælum starfsfólks
- Við göngum í skólanum og notum inniröddina
- Við förum vel með eigur skólans og annarra
- Við geymum síma og önnur tæki heima eða í tösku og notum þau ekki nema með leyfi. Tæki sem þessi má nota í frímínútum en þau eru alltaf á ábyrgð eiganda
- Við komum ekki með gos, snakk og sælgæti í skólann
- Ekkert ofbeldi, stríðni né einelti
- Við notum ekki vímuefni



Uglan er dottin í jólabækurnar.

Skólareglur gilda í öllu skólastarfi, í skólahúsinu, félagsheimili, skólabílnum, skólalóðinni og í öllum ferðum á vegum skólans.

Það var gaman í piparkökubakstrinum hjá okkur um daginn



Starfsfólk skólans þakkar nemendum og foreldrum fyrir góðar stundir, frábært samstarf og kynni. Skólinn okkar er á góðri leið og hefur alla burði til að verða enn betri! Við erum saman í liði og samvinna okkar allra hefur skapað jákvæðan uppbyggjandi skólabrag og umhverfi sem er grundvöllur fyrir frekari þroska og menntun.

Takk fyrir árið 2012. Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Starfsfólk Árskógar skóla.



Gleðileg jól!

Skólahald næstu vikur í Árskógarskóla

Í desember leggjum við sérstaka áherslu á **gleði og slökun** á þessum annatíma í þjóðfélaginu. Syngjum og spilum saman, nuddum kannski tásur, hlustum á sögur, lesum og leikum okkur að sjálfsögðu allan daginn!

Priðjudaginn 4. desember er **röndóttur/köflóttur dagur** sem merkir að allir eru hvattir til að mæta í einhverju röndóttu nú eða köflóttu!

Mánudaginn 10. desember er í boði að koma með smákökur, laufabrauð eða annað sem kannski er búið að baka nú eða kaupa í búðinni enda þurfa bakarar landsins líka að hafa eitthvað að gera!

Fimmtudaginn 13. desember (með fyrirvara út frá veðurspá!) fara 5-12 ára nemendur með rútu til Akureyrar. Kíkja á söfn, kaffihús og njóta jólaandans.

Fimmtudaginn 20. desember milli 11-12 er **jólabingó nemenda**. Margt góðra vinninga. Hver veit nema Shrek mæti á svæðið!

Föstudaginn 21. desember eru litlu jólin. Á milli 09:00-10:30 ætlum við að hlusta á jólasögu, dansa og syngja kringum jólatré og eiga góða stund saman í félagsheimilinu. Léttar veitingar í boði.

Þennan dag kemur rútan 08:30 í Brattavelli, 08:35 á Árskógssand, 08:45 á Hauganes. Rútan fer frá skóla 10:45.

Grunnskólanemendur fara í jólafrí að loknum litlu jólum en Kötlukot er opið til 16:15 og þá fara leikskólabörn í jólafrí.

Skólinn er lokaður milli jóla- og nýárs. Skólinn opnar aftur eftir jólafrí fimmtudaginn 3. janúar 2013.

Takk fyrir góð kynni og frábært samstarf á fyrsta starfsári nýs
Árskógarskóla.



Jólakveðja frá starfsfólki

